Finndu okkur á

# FJARÐAR fréttir

Þriðjudagur 21. desember 2021 | 8. tbl. 19. árg. Upplag 10.000 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

**NÆSTA BLAÐ** áætlað miðvikudaginn **5. janúar**







Ljósm.: Guðni Gíslason

# Þú færð jólagjafirnar í Firði

## Fjölbreyttar gjafavörur, fatnaður, skór, úr og skartgripir og gott að borða í verslunarmiðstöðinni Firði



Verslunarmiðstöðin Fjörður, í hjarta Hafnarfjarðar, býður bæjarbúa velkomna með ýmsum uppákomum, lifandi tónlist og fl.

Í Firði eru fjölmargar verslanir, veitingastaðir og þjónustuaðilar.

Ein stærsta leikfangabúð er í Firði, einn vinsælasti veitingastaðurinn í bænum er í Firði og þó víðar væri leitað og þar má finna glæsilega úra- og skartgripabúð, lífsstílsverslanir,



sportvörur, fæðubótarefni, matvöruverslun, pósthús, gleraugnaverslun, naglaþjónustu, hársnyrtistofur, lyfjabúð, skóverslun og kvenfataverslanir svo eitthvað sé nefnt.

Strætó stoppar beint fyrir utan og tilvalið að skilja bílinn eftir heima og njóta þess að vera í miðbænum sem býður upp á svo margt.

Fólk er að sjálfsögðu hvatt til að gæta að sóttvörnum, vera með andlitsgrímu og spritta hendur reglulega.

**SJÁ NÁNAR**
á bls. 2, 31 og baksíðu!



# Milly er ný lífsstíls- og gjafavöruverslun

## Ný verslun í verslunarmiðstöðinni Firði

FJÖRÐUR

KYNNING




Ljósm.: Guðni Gíslason

Hafnfirðingurinn Karen Gunnarsdóttir hefur opnað nýja lífsstíls- og gjafavöruverslun á 2. hæðinni í Firði. Segir hún viðtökurnar hafa verið mjög góðar og hafi hún gripið tækifærið fegins hendi þegar hún sá að plássið var laust en hún stofnaði vefverslun 1. nóvember sem fékk gríðarlega góðar viðtökur.





*Karen Gunnarsdóttir*

„Mig vantaði lagerrými og sá að það var gaman að geta sýnt vörurnar, svo ég sló til og opnaði búðina 6. desember sl.“ Karen segist kunna mjög vel við sig í Firði og hafi hún unnið þar áður og ávallt fundist gott að vera þar.

Karen selur aðallega danskar vörur og þá helst frá vörumerkinu Miss Étoile. Einnig selur hún vörur frá vörumerkinu



Bahne interior, Margit Brandt og Cosy living, en hún segir að vöruúrvalið eigi eftir að aukast mikið.



Vörurnar frá Miss Étoile eru glaðlegar vörur og einkennast af pastellitum og augum. Í Milly má finna borðbúnað, kertastjaka, brúsa, blómavasa, krukkur, box, kökudiska og litrík áhöld í eldhúsið, ótrúlega skemmtilegar og litríkar vörur sem vert er að líta á. Segir Karen vörurnar einstaklega skemmtilegar til gjafa.



Opið er virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 11-17 og sunnudaga kl. 13-16 til jóla.

# Artis - ný blóma- og gjafavöruverslun




Ljósm.: Guðni Gíslason

Hún Alla Plugari hefur opnað nýja blóma- og gjafavöruverslun í Firði og nefnist hún Artis. Þar má finna mörg lifandi blóm, m.a. fjölmarga liti af Calypso blómum. Einnig má þar finna óhefðbundnar blómaskreytingar, m.a. í glerskálum Svo má finna þar fjölbreytt úrval af fallegum gjfavörum, m.a. vörum sem Alla hefur sjálf sett mark sitt á með listrænum hæfileikum og málverk. Öllu er þessu hagalega komið fyrir í einni minnstu versluninni í Firði.





# Handverksmarkaður og lifandi tónlist



*Vigga og Sjonni spila og syngja*



*Fjölbreytt úrval á handverksmarkaði*



Úrbeinaður hamborgarhryggur

# Allt í jólamatinn í Nettó



Hangigrís úr hnakka



Fylltur grísabógur



Úrbeinaður hangiframpartur



Úrbeinað hangilæri

FJARÐAR fréttir
**Útgefandi:** Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Guðni Gíslason
**Ritstjórn og auglýsingar:** 896 4613
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:** Póstdreifing
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
**Hönnunarhúsið ehf.**, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

## leiðarinn



Þegar bæjarfulltrúar eru í fullu vel launuðu starfi við að vera bæjarfulltrúar getur verið erfitt að greina mun á stjórnmálamanni og embættismanni. Ekki síst þegar bæjarstjórn og ráð eru að fjalla um bein framkvæmdarmál og útfærslu í stað þess að halda sig betur við stefnumótun í málefnum bæjarins og að setja ramma um starfsemina.

Laun bæjarfulltrúa eru mjög há ef borið er saman við meðallaun bæjarfulltrúa í Danmörku þar sem að jafnaði væri 21 fulltrúi bæjarbúa í bæjarstjórn í bæjarfélagi af svipaðri stærð og Hafnarfjörður er. Gjarnan er fundað síðdegis enda reiknað með að fólk sé í annarri vinnu og málefnum er vel dreift á milli bæjarfulltrúa. Í Hafnarfirði eru 11 bæjarfulltrúar og um þriðjungur þeirra hafa fulla atvinnu af því að vera bæjarfulltrúar ásamt því sem því fylgir og ekki síst í flokkum sem mynda meirihluta og sitja sem formenn í ýmsum ráðum.

Hvergi er reyndar gert ráð fyrir að myndaðir séu meirihluti og minnihluti enda kjósa bæjarbúar 11 fulltrúa sína til að fara með stjórn bæjarins næstu 4 árin. Það þætti eflaust undarlegt ef þetta væri hefðin í fyrirtækjum og félögum.

Bæjarfulltrúar eru fulltrúar bæjarbúa og mikilvægt að halda bæjarbúum vel upplýstum svo þeir geti tekið afstöðu til mála og ekki síst til að taka afstöðu þegar kemur að næstu kosningum. Því miður hefur ekki tekist vel til hér í Hafnarfirði og hafi einhver t.d. reynt að fylgjast með gerð fjárhagsáætlunar þá áttar sá sig á því hvað átt er við. Fundargerð bæjarstjórnarfunda er með þeim hætti að erfitt er jafnvel að sjá hvað hefur verið rætt á fundinum og jafnvel einföld betri textauppsetning gætti bætt þar verulega um. Engin ástæða er að álíta að ætlunin sé að fela eitthvað en óskýrar og ómarkvissar fundargerðir eru einkennandi og virðist enginn metnaður vera til að bæta þar um.

Besta nýlega dæmið um upplýsingaskort er gerð nýs deiliskipulags fyrir vesturbæinn þar sem 37 skjöl fylgdu með kynningunni til íbúa sem eflaust féllust hendur enda í raun lítt upplýst um mikilvægi hvers skjals fyrir sig. Verra var þó að það láðist að kynna opinberlega að gefa átti heimild í deiliskipulagi til að fjarlægja heila húsaröð við Reykjavíkurveginn þó finna mætti texta um það á bls. 50 í 62 síðna greinargerð. Svona gerir maður ekki. Svo bíta menn höfuðið af skömminni og reyna að kenna arkitektum um. Það segir allt um það hversu vel bæjarfulltrúar lesa eigin samþykktir!

En nú eru jól framundan og bæjarstjórnarkosningar að vori. Það er vonandi að hæfileikaríkt fólk með metnað fyrir bænum okkar sýni áhuga á að bjóða sig fram til starfa.

Auglýsendum og samstarfsfólki þakka ég samstarfið, hvatninguna og stuðninginn og óska bæjarstjórn, bæjarbúum og lesendum öllum gleðiríkrar jólahátíðar.

*Guðni Gíslason ritstjóri.*





**Aðfangadagur jóla**

**Aftansöngur kl. 17**

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar.

Einsöngur: Ari Ólafsson tenór

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

**ATH.**

*Kirkjugestir þurfa að sýna neikvæða niðurstöðu úr hraðprófi sem ekki má vera eldri en 48 klst. Heimapróf ekki tekin gild.*

Grímuskylda er í kirkjunni.

**Jóladagur**

**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14**

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar.

Prestur: Sr. Stefán Már Gunnlaugsson.

**Gamlársdagur**

**Helgistund kl. 17**

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.

www.vidistadakirkja.is



# Jól í Fríkirkjunni

Fríkirkjan í Hafnarfirði

**Aðfangadagur jóla 24. des.**

**JÓLAGUÐSÞJÓNUSTA KL. 18**

Fríkirkjukórinn syngur inn jólin í Fríkirkjunni í Hafnarfirði og *Skarphéðinn Þór Hjartarson* leikur á orgel. *Erna Blöndal* syngur einsöng. Prestarnir *Einar Eyjólfsson og Margrét Lilja Vilmundardóttir* leiða stundina.

*Streymt verður frá stundinni á facebooksíðu kirkjunnar.*

**JÓLASÖNGVAR Á JÓLANÓTT KL. 23.30**

Kvartett úr sönghópi Fríkirkjunnar syngur jólasöngva á jólanótt ásamt hljómsveit kirkjunnar. Dásamleg hátíðarstund.

**JÓLADAGUR 25. des.**

**FJÖLSKYLDU-GUÐSÞJÓNUSTA KL. 14**

Fjölbreytt og hátíðleg tónlistardagskrá fyrir alla fjölskylduna. Prestarnir *Einar Eyjólfsson og Margrét Lilja Vilmundardóttir* leiða stundina. Sérstakur gestur verður *Stása Þorvaldsdóttir*, baráttukona fyrir málefnum fatlaðra, þáttastjórnandi og listakona.

**Gamlársdagur 31. des.**

**HÁTÍÐARGUÐSÞJÓNUSTA Á HRAFNISTU KL. 16**

Fríkirkjukórinn syngur við undirleik *Skarphéðins Þórs Hjartarsonar* orgelleikara. Prestarnir *Einar Eyjólfsson og Margrét Lilja Vilmundardóttir* leiða stundina.

**HÁTÍÐARGUÐSÞJÓNUSTA KL. 18**

Fríkirkjukórinn syngur við undirleik *Skarphéðins Þórs Hjartarsonar* orgelleikara. Prestarnir *Einar Eyjólfsson og Margrét Lilja Vilmundardóttir* leiða stundina.

Tónlistarstjórn er í höndum *Arnar Arnarsonar* í öllum viðburðunum.

**VINSAMLEGA ATHUGIÐ!**

*Gestir þurfa að framvísa hraðprófi sem er ekki eldra en 48 klst gamalt eða gildu vottorði með staðfestingu á fyrra covid smiti. Heimapróf eru ekki tekin gild. Boðið verður upp á að taka hraðpróf í safnaðarsal Fríkirkjunnar í Hafnarfirði 23. desember frá kl. 15 til 18.*




## Helgihald um jól og áramót í Hafnarfjarðarkirkju 2021 – 2022

**Aðfangadagur jóla 24. desember:**

**Aftansöngur kl. 18**

Sýna þarf fram á neikvætt hraðpróf

**Miðnæturmessa kl. 23:30**

**Jóladagur 25. desember:**

**Hátíðarmessa kl. 14**

**Hátíðarstund á Sólvangi kl. 15:30**

**Annar dagur jóla 26. desember:**

**„Litla stúlkan með eldspýturnar“**

Upptaka frá barna- og unglingakórum Hafnarfjarðarkirkju kl. 11.00.
*Eingöngu á Facebooksíðu og heimasíðu Hafnarfjarðarkirkju.*

Starfsfólk Hafnarfjarðarkirkju sendir öllum íbúum í Hafnarfirði hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir liðið ár

**Gamlársdagur 31. desember:**

**Aftansöngur kl. 17**

**Nýársdagur 1. janúar 2022:**

**Hátíðarmessa kl. 14**

**Sunnudagur 9. janúar 2022:**

**Guðsþjónusta kl. 11 – jólin kvödd**

Hólfaskipt er í kirkjunni í öllum athöfnum nema á aðfangadag þar sem sýna þarf niðurstöður úr neikvæðu hraðprófi.
Upplýsingar um starf og þjónustu Hafnarfjarðarkirkju má finna á heimasíðu og facebooksíðu Hafnarfjarðarkirkju.

# ÁSTJARNARKIRKJA

**24. desember kl. 17 – Aðeins í streymi**

## Aftansöngur á aðfangadag

Tveir kórar syngja í guðsþjónustunni,
barnakór Ástjarnarkirkju undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar
og kór undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg.
Davíð Sigurgeirsson og Sveinn Arnar Sæmundsson annast undirleik.

Sr. Arnór Bjarki Blomsterberg og sr. Kjartan Jónsson
sjá um prestsþjónuna.

**31. desember kl. 17 – Aðeins í streymi**

## Aftansöngur á gamlársdag

Tveir kórar syngja í guðsþjónustunni, barnakór Ástjarnarkirkju og
kirkjukór Kálfatjarnarkirkju báðir undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar.
Davíð og Þórður Sigurðarson annast undirleik.

Sr. Arnór Bjarki Blomstgerberg og sr. Kjartan Jónsson sjá um
prestsþjónuna.

**Aftansöngnum verður streymt frá**
www.astjarnarkirkja.is og fésbókarsíðu Ástjarnarkirkju
og Kálfatjarnarkirkju.




VIÐ ÓSKUM ÖLLUM

## GLEÐILEGRA JÓLA OG GÆFU Á KOMANDI ÁRI

ÞÖKKUM FYRIR SAMVERUSTUNDIR
Á LÍÐANDI ÁRI

VIÐ HVETJUM HAFNFIRÐINGA TIL AÐ GERA
JÓLAINNKAUPIN Í BÆNUM OKKAR

STÖNDUM SAMAN - HÉR ER ALLT TIL ALLS

MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR




# Aðkvæða

## Fyrsta ljóðabók sr. Braga

Aðkvæða er fyrsta ljóðabók Braga Jóhanns Ingibergssonar. Hún geymir 61 ljóð sem gefin eru út í tilefni sextugsafmælis höfundar - úrval frá löngum tíma og þau elstu nærri 40 ára gömul. Þó ljóðin séu um margt ólík innbyrðis þá eiga þau það sameiginlegt að vera innblásin af andagift augnabliksins hverju sinni.


Ljósm.: Guðni Gíslason




Bragi segir það gamlan draum að gefa út ljóðabók en Bragi er einnig liðtækur ljósmyndari og tók hann myndina á bókarkápu.

Jólahugvekja sr. Jónínu Ólafsdóttur, sóknarprests í Hafnarfjarðarkirkju:

# Aðventa – tími vonar og kærleika

*Vökvaðu kærleikans viðkvæmu rós*
*Þá veitist þér andlegur styrkur,*
*kveiktu svo örlítið aðventuljós*
*þá eyðist þitt skammdegismyrkur*
*(Hákon Aðalsteinsson)*

Senn líður að lokum þessa árs, 2021. Það er gjarnan í mörg horn að líta þegar horft er um öxl. Sumt fellur í gleymsku á meðan annað er þess eðlis að erfitt er að líta framhjá því. Það hefur sannarlega margt á daga okkar drifið undanfarið ár, m.a. vegna heimsfaraldursins sem ekki virðist ætla svo glatt að láta staðar numið. Við sem þjóð höfum hins vegar sýnt það, að í sameiningu búum við yfir miklum styrk. Styrk sem felst fyrst og fremst í því að standa saman þegar á reynir. Að sjálfsögðu finnum við mörg fyrir þreytu og ótta en fyrst og fremst er það ákveðnin í að standa saman sem er gegnumgangandi. Og þá finnur maður til stolts að fá að tilheyra þjóð sem kann þetta og getur þetta.

Nú er langt liðið á aðventuna þetta árið og tími ljóss og friðar því í nánd. Orðið aðventa þýðir „koma“ og vísar til þess að hin mikla hátíð er handan við hornið. Á aðventunni undirbúum við okkur undir jólin, en hjá okkur kristnu fólki snýst aðventan um undirbúninginn fyrir komu Jesúbarnsins sem fæddist á jólum. Við bjóðum Jesúbarnið sérstaklega velkomið í líf okkar á þessum tíma. Aðventan er hins vegar ekki bara undirbúningstími jólanna heldur er hún líka fasta, svokölluð jólafasta. Oftast tengjum við orðið föstu við hófsemi í mat. Jólafastan snýst hins vegar ekki eingöngu um það heldur snýst hún almennt um það að við prófum okkur sjálf, skoðum og íhugum hvað það er sem gefur lífinu gildi í raun og veru og hvers vegna við þurfum á þeim boðskap sem jólin boða, að halda. Að fasta getur þýtt það að temja sér hófsemi og láta eitthvað á móti sér. Einkum og sér í lagi til að geta gefið öðrum. Aðventa er líka tími vonarinnar. Þegar mesta myrkur ársins skellur á kveikjum við á ljósum, til vitnis og minningar um fæðingu litla Jesúbarnsins og til að minna okkur á vonina sem aldrei hverfur. Mörg okkar finna til söknuðar á þessum árstíma, ekki síst þau sem hafa þurft að kveðja ástvini sína fyrir aldur fram. Þá er mikilvægt að við sýnum samferðafólki okkar tillitssemi og nærgætni á þessum dimmasta og stundum kaldasta tíma ársins, því öll erum við að fast við eitthvað sem kannski sést ekki alltaf utan á okkur.


Ljósm.: Guðni Gíslason

*Sr. Jónína Ólafsdóttir*

Í lok árs fáum við tækifæri til íhugunar og skoðunar. Við minnumst góðu stundanna og sigranna, með gleði og stolti. Erfiðu stundirnar sem vöktu hjá okkur sorg fljóta líka í gegnum hugann og gera öðruvísi vart við sig en gleðistundirnar á leið sinni þar um. Það getur reynst erfitt að kveðja það sem liðið er og kemur ekki til baka, en það er hollt fyrir okkur að líta yfir farinn veg og gera upp liðna tíma. Sum okkar finna til sorgar þegar uppgjör á sér stað, hvort sem minningin vekur hjá okkur sorg eða gleði. Það er alltaf erfitt að skilja við. Þegar við rifjum upp liðna stund virðumst við mannfólkið hins vegar hafa tilhneigingu til þess að minnast frekar mistakanna, feilsporanna eða skammarlegu augnablikanna – og dvelja lengur yfir þeim minningum en sigrunum, hvernig sem á því stendur. Öll gerum við mistök einhvern tímann á lífsleiðinni. Upplifum vanmátt, samviskubit, jafnvel eftirsjá. Það hvernig við bregðumst við því mótlæti, hvernig við ákveðum að takast á við breyskleika okkar – skiptir hins vegar öllu máli. Viljum við sökkva niður í djúpið eða ætlum við að rísa upp aftur, horfa í spegilinn og sættast við þá manneskju sem þar birtist okkur, fyrirgefa henni og halda svo áfram með bættar og breyttar áherslur? Horfum frekar fram á veginn, setjum okkur metnaðarfull markmið sem þó eru raunhæf og ögrum svolítið okkar eigin getu. Reynum að ákvarða hvernig við viljum lifa, hvers við óskum og hvaða tækifæri við sjáum. Hvaða ógnir við sjáum. Mótum svo okkar eigin stefnu því skipulag hefur tilhneigingu til að rætast.

Þiggjum hvern dag sem lán því ekkert annað höfum við í hendi en það augnablik sem er hér og nú – og þá setningu skulum við taka með okkur inn í árið sem er handan við hornið.

Nýtum hverja stund og tökum henni fagnandi. Við vonumst svo til að geta tekið á móti ykkur sem flestum, án nokkurra takmarkanna, í Hafnarfjarðarkirkju á nýju ári.

*Guð gefi ykkur gleðiríka jólahátíð og blessunarríkt nýtt ár!*



Gleðilega hátíð

hsveitur.is

HS VEITUR




hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

# Snjókorn sem taka sinn tíma

## Verðlaunasmásaga eftir Kolbrúnu Garðarsdóttur

Þegar við nálguðumst húsið mitt aftur hraðaði Slaufa Sól ferðina og byrjaði að hlaupa. Hana langaði inn. Ég stoppaði og horfði á húsið. Allir gluggarnir voru upplýstir og ég gat heyrt skvaldrið í fólkinu, hláturinn og tónlistina. Óróleikinn geislaði frá gráa húsinu. Mig langaði ekki inn alveg strax. Ég togaði aðeins í ólina og hélt í áttina að göngustígnum frá húsinu og út úr götunni. Slaufa Sól hlýddi ekki alveg strax en virtist svo sætta sig við ákvörðun mína um að labba aðeins lengur og tiplaði léttilega við strigaskóna mína. Snjókorn byrjuðu að detta af himnum, eitt af öðru. Þau voru stór og klunnaleg og féllu ofurhægt til jarðar. Ég gekk á milli þeirra á meðan Slaufa Sól hoppaði um af kæti og reyndi að glefsa þau í sig. Eftir örstuttan spöl kom ég að leikvellinum, umkringdan hljóðlátum trjám sem geymdu minningar af hlæjandi krökkum að vega salt á sólríkum sumardögum og öðrum nokkrum mánuðum seinna, á fleygiferð niður bröttu grasbrekkuna á snjósleða. Kannski mundu þau eftir krökkum eins og mér, sem þrá kyrrðina og þögnina. Ég settist niður í aðra róluna og það ískraði aðeins í henni þegar hún vaggaði örlítið fram og til baka. Ég andaði djúpt að mér friðsæla desemberloftinu. Kuldinn beit mig eilítið í kinnarnar. Þegar rólan loks þagnaði var eins og heimurinn hafi stoppað. Allir höfðu hætt að hreyfa sig nema ég og Slaufa Sól, sem hafði



*Kolbrún Garðarsdóttir.*

fundið kyrrðina í andrúmsloftinu og sest niður á afturfæturna við hliðina á mér. Mér fannst ég vera einn í heiminum. Í smá stund horfði ég á stóru snjókornin svífa niður og bráðna á jörðinni. Þögn þeirra var dáleiðandi.

*„Hvað heldurðu að þau heiti?“*

Röddin ómaði frá hinni rólunni. Hissa leit ég til hliðar á strákinn sem sat skyndilega við hliðina á mér. Ég starði á hann orðlaus, ég gat svo svarið að það var enginn á leikvellinum þegar ég kom þangað. Allt hafði verið svo hljótt, hvernig hafði hann læðst upp að mér?

*„Ég held að öll snjókorn hljóti að hafa nöfn, eitthvað sem skilur þau að frá hinum.“* Ég starði á hann og blikkaði augunum nokkrum sinnum eins og bilaður ljósastaur en náði á endanum að ýta nokkrum orðum út á milli kaldra varanna. *„Er ekki alltaf sagt að ekkert snjókorn sé eins?“*

Hann fylgdist með einu sem hafði verið of djarft og svifið rétt fyrir framan kjaftinn á Slaufu Sól sem gleypti það í sig.

*„Það gæti verið. Ég vil trúa að þau beri öll einhver nöfn. Eitthvað sem segir okkur að þau séu ekki bara sama vatnið, heldur hver sinn eigin litli líkami sem ferðast niður á sinn máta.“*

Ég skildi þetta ekki alveg, þar sem mér fannst snjókornin vera í raun sama vatnið, en strákurinn virtist trúa ákaft á það sem hann sagði svo ég sagði ekki neitt. Í staðinn horfði ég í fölu augun hans og spurði: *„Hvað er þitt?“*

*„Frosti,“* sagði hann og brosti lítillega. *„Kallaðu mig Frosta. Þá líður mér eins og ég sé einn á meðal þeirra.“*

*„Frosti.“* Ég eygði skörpu og fölu andlitsdrætti hans. *„Það hentar þér.“*

Þetta virtist hafa þóknast honum, því við mér blasti bros sem ljómaði af þakklæti og ánægju. Hann beygði sig niður til þess að klappa Slaufu Sól mjúklega á kollinn. Hún lét eins og hún tæki ekki einu sinni eftir því, sem var einkennilegt því vanalega kom Slaufu Sól illa saman við ókunnuga. Það var þá sem ég tók eftir að strákurinn var ekki í úlpu. Frosti sat í rólunni í miðjum desember einungis í þunnri peysu. Við sátum í þögn í örlitla stund. Gufuský brutust frá vörum mínum. Ég tók eftir að þau gerðu það ekki frá vörum Frosta.

Hann benti á eitt snjókorn sem fikraði sig varlega í gegnum loftið niður á jörðina. Það féll hægar en hin í kring.

*„Af öllum snjókornum sem ég hef séð, er þetta mitt uppáhalds.“*

Ég hugsaði um hvernig hann gæti átt sér uppáhalds snjókorn. Ég hugsaði um hvernig hann mundi eftir öllum snjókornum sem hann hafði séð.

*„Það tekur sinn tíma,“* sagði ég.

*„Nákvæmlega“*. Ég leit til hliðar, aðeins til þess að finna róluna tóma við hliðina á mér, hangandi hreyfingarlaus. Aftur var ég einn í heiminum.

*Kolbrún var sigurvegari í smásagnakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði í 8.-10. bekk vorið 2021 er Kolbrún var í 10. bekk í Hraunvallaskóla.*


Get bætt við mig minni fyrirtækjum og einyrkjum

J. Jóhanns ehf.
VIÐURKENNDUR BÓKARI
Bæjarhrauni 2 | 863 3864








SET ALLAR MYNDIR Á STAFRÆNT FORM
– á mynnislikil eða flakkara
siggil@simnet.is | sími 863 7265
Sigurður Þorleifsson



FJARÐAR fréttir
FRÉTTASKOT UM JÓL OG ÁRAMÓT
Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
...eða notaðu formið á
www.fjardarfrettir.is

MATARBÚÐIN
NÁNDIN
matarbudin.is
#skilagler

# VERIÐ VELKOMIN

Setjum saman fallegar plastlausar gjafakörfur
með úrvali af sælkeravörum frá smáframleiðendum.
Nýsteikt laufabrauð og kleinur, smákökur, konfekt, villibráð,
reyktur og grafinn lax, úrval af sultum og sýrópum,
óáfeng vín og líkjörar









# OPNUNARTÍMAR FRAM AÐ JÓLUM

Virka daga 10-20
Þorláksmessa 10-23 • Aðfangadagur 11-13

FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER FYRIR 10.000 EÐA MEIRA
FRÍR ÓSKREYTTUR PIPARKÖKUKALL FYRIR KRAKKA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Matarbúðin Nándin er á Austurgötu 47, við lækinn í Hafnarfirði
Fylgdu okkur á Facebook eða Instagram @matarbudin - matarbudin.is

# Vistvæna Matarbúðin á Austurgötunni

## Vöruúrvalið ótrúlega mikið og ....

Matarbúðin Nándin við Austurgötu hefur stækkað og dafnað að undanförnu en verslunin í núverandi mynd var opnuð árið 2020.

Margir eldri Hafnfirðingar muna eftir samnefndri búð, Matarbúðinni, sem þarna var um langt skeið og seldi úrval matvara. Eftir að hún hætti var ýmis starfsemi í húsinu en hjónin Þóra Þórisdóttir og Sigurður Magnússon keyptu húsið og áratugur er síðan þau stofnuðu fyrirtækið Urta Islandica sem hóf starfsemi í húsinu. Þóra er mikil áhugamanneskja um íslenskar jurtir og hóf að skoða hvað hægt væri að gera úr þeim. Var farið að framleiða jurtate og í framhaldi af því jurtakryddsölt og fyrirtækinu óx fiskur um hrygg. Öll framleiðslan var í húsinu og hver krókur og kimi nýttur. Nú hefur öll framleiðslan verið flutt í Reykjanesbæ.


Ljósm.: Guðni Gíslason

*Þóra Þórisdóttir, Sigurður Magnússon og Guðbjörg Lára Sigurðardóttir.*

### FJÖLSKYLDAN VINNUR SAMAN

Ávallt var þó nafn Matarbúðarinnar á húsinu og það var svo á þjóðhátíðardaginn í fyrra sem þau hjón og í raun fjölskyldan opnaði Matarbúðina Nándina, sem leggur áherslu á að selja vörur í plastlausum umbúðum, m.a. í endurnýtanlegum glerkrukkum.


Ljósm.: Guðni Gíslason

*Guðbjörg Lára með eina af mörgum gjafaöskum sem í boði eru.*

Er búðin í raun partur af draumi fjölskyldunnar að lifa plastlausu lífi og taka þannig virkan þátt í að leggja sitt af mörkum gegn loftlagsvanda heimsins.

Öll fjölskyldan kemur að rekstrinum, Þóra er framkvæmdastóri, Sigurður er framleiðslustjóri og börnin þeirra starfa með, Guðbjörg Lára og Þangbrandur eru í fullu starfi en Kolbeinn, Lárus og Sigrún Birta koma einnig að rekstrinum. Þá er Hólmfríður, systir Þóru, bókarinn í fyrirtækinu.

### VILJA VINNA AÐ HRINGRÁSARHAGKERFI

Segja þau að ekki vanti hugmyndir og metnaðurinn er greinilega mikill og margt gert til að stuðla að sjálfbærari neyslu. Segja þau hugarfar fólk vera að breytast og fólk horfi meira á sjálfbærni og hreinar vörur. Fólk komi víða að til að versla og sífellt fleiri skili glerílátunum. Segir Þóra að stefnan sé að stuðla að hringrásarhagkerfi og eitt af þeim skrefum er að setja upp á nokkrum stöðum móttökukassa fyrir endurnýtanlegt gler en undirbúningur að því er langt kominn.



*Ýmsar vörur má fá í glerkrukkum m.a. sælgæti.*




*Rauðkálið hans Sigga sem í fyrstu var aðeins ætlað til heimabrúks.*


Ljósm.: Guðni Gíslason

*Sigurður stoltur við búðarborðið.*

### ÓTRÚLEGT ÚRVAL

Matarbúðin Nándin býður upp á úrval af sælkeramatvörum frá ýmsum smáframleiðendum og vöruúrvalið er ótrúlegt í þessari litlu verslun þar sem hver krókur og kimi er nýttur. Af vöruflokkum má nefna ýmsa dagvöru s.s. mjólkurvörur, brauð, sætabrauð, sælgæti, ávexti, grænmeti, kjöt, fisk, lífrænan ávaxtasafa, kryddvörur, te og kaffi, veganvörur og hreinlætisvörur.

Þá eru ýmsar vörur tilvaldar til gjafa m.a. glæsilegar plastlausar gjafakörfur í ýmsum stærðum, stútfullar af íslensku matarhandverki.

Eru bæjarbúar hvattir til að kíkja við í þennan rótgróna verslunarstað og skoða úrvalið.



*Úrval af ostum – án plastumbúða.*



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Hægt er að koma með ílát og kaupa hreinlætisvörur í lausu.*




Ferðafélag Íslands · Mörkinni 6 · www.fi.is · 568 2533

MIÐBÆJAR Jóla, jóla RATLEIKURINN

# Þau unnu í Jólaratleiknum

## 20 vinningar frá verslunum í miðbænum

Miðbæjarjólaratleikurinn var nýjung í ár en að honum stóðu Verslunarmiðstöðin Fjörður, Fjarðarfréttir og Hafnarfjarðarbær. Markmiðið var að leiða fólk um miðbæinn í ýmsar verslanir og söfn. Alls voru 24 aðilar með í leiknum og 13 þeirra gáfu alls 20 útdráttarvinninga. Ótrúlega margir fóru á alla staðina en nægilegt var að fara á 8 eða 16 staði til að eiga möguleika á vinningi. Þátttakan var mjög góð og því líklegt að leikurinn verði endurtekinn.

Vinningshafar eru hvattir til að sækja vinninga sína í viðkomandi verslun/safn en hún Móa hlaut hæsta vinninginn, 30 þús. kr. gjafabréf frá Firði.

| | |
|---|---|
| Auðbjörg Ólafsdóttir, 61198.. | Gjafabréf í hundabað frá Litlu gæludýrabúðinni |
| Elisa Attigui, 66457.. | Bollastandur frá Álfagulli |
| Elín Ósk Jónsdóttir, 69832.. | Bókin Á eintali við tilveruna frá Hafnarborg |
| Elva, 88821.. | Borðspil frá Pennanum Eymundsson |
| Franz Reynir Rögnvaldsson, 86839.. | Lítið Gingko bókaljós frá Bæjarbúð |
| Guðmunda K. Ásgeirsdóttir, 84734.. | Gjafabréf í hundabað frá Litlu gæludýrabúðinni |
| Joanna Motyclo, 86927.. | Gjafabréf í hundabað frá Litlu gæludýrabúðinni |
| Kolfinna Friðriksdóttir, 64940.. | Bók frá Bókasafni Hafnarfjarðar |
| María Jónsdóttir, 82125.. | Gjafabréf í hundabað frá Litlu gæludýrabúðinni |
| Móa | 30 þús kr. gjafakort frá Verslunarmiðstöðinni Firði |
| Natalía, 76705.. | 10 þús. kr. gjafabréf frá Úr og gull |
| Ólafur Flóki Ólason, 83786.. | Gjafabréf í hundabað frá Litlu gæludýrabúðinni |
| Rakel Dá Arnarsdóttir, 86893.. | 5 þús. kr. gjafabréfa frá Leikfangalandi |
| Rakel Harpa Magnúsdóttir, 66323.. | Bók frá Bókasafni Hafnarfjarðar |
| Rebekka Ása Hrólfsdóttir, 86242.. | Songbirds, ljósmyndabók frá Hafnarborg |
| Selma Kristín Guðjónsdóttir, 65915.. | Leðurhanskar frá Skóhöllinni |
| Sveinn Helgi Sveinsson, 86458.. | Gjafabox með fernum nærbuxum frá The Mistress |
| Telma Sig, 62585.. | Sjal og hanskar fá Dalakofanum |
| Urður Gunnarsdóttir, 82021.. | Hálsmen, Þórslíkneski frá Nonna gull |
| Valtýr L. Sigurðsson, 86891.. | Borðspil frá Pennanum Eymundsson |


Óskum viðskiptavinum og bæjarbúum öllum gleðilegra jóla!



ÁLFAHRAUN
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Kaplahrauni 19 - Hafnarfirði | sími 844 9015

Flöskumóttaka
Endurvinnslan

Opnunartími - Jól 2021
Skútahraun - Dalvegur - Knarrarvogur - Furuvellir

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 20 Des Opið | 21 Des Opið | 22 Des Opið | 23 Des Opið | 24 Des Lokað | 25 Des Lokað | 26 Des Lokað |
| 27 Des Opið | 28 Des Opið | 29 Des Opið | 30 Des Opið | 31 Des Knarrarvogur: 09:30-12:00 | 01 Jan Lokað | 02 Jan Lokað |

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.




Kjötkompaní
NAUTALUND
WELLINGTON
Munið að panta tímanlega
VEFVERSLUN
HEIMSENDINGAR Í BOÐI
kjotkompani.is/jolin
Hafnarfirði & Granda
www.kjotkompani.is
578 9700
kjotkompani@kjotkompani.is
kjotkompani

# Óskum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs!


AÐALVÍK 899 7760 & 898 8246 BYGGINGAVERKTAKAR
Hjallahrauni 7 • sími 555 2348

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar AÍH
v/ Krýsuvíkurveg • www.aihsport.is

ÁLFAGULL
Strandgötu 49 • www.alfagull.is

BH
www.badmintonfelag.is

Bakarameistarinn
Flatahrauni 13 • www.bakarameistarinn.is

BAN KÚNN THAI RESTAURANT
Tjarnarvöllum 15 • sími 565 5665

BIFVÉLA VIRKINN BÍLAVERKSTÆÐI
Norðurhellu 8 • www.bifvelavirkinn.is

BÍLAMÁLUN ALBERTS
Stapahrauni 1 • sími 555 4895

Bílaverk ehf.
Kaplahrauni 10 • sími 565 0708

Bílaverkstæði Högna
Trönuhrauni 2 • sími 555 2662

Blikksmíði ehf Blikksmiðja
Melabraut 28 • sími 565 4111

Boðunarkirkjan
Álfaskeiði 115 • www.bodunarkirkjan.is

BFH
Flatahrauni 14 • www.bfh.is

DEKKJASALAN
UMBOÐSSALA FYRIR NOTUÐ DEKK
Dalshrauni 16 • Hafnarfirði
www.dekkjasalan.is
587 3757

domus FASTEIGNASALA
Ársæll Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali
as@domus.is • 896 6076

DYR

EK hús ehf. BYGGINGAVERKTAKAR

FAGFÓLK Hársnyrtistofan
Fjarðargötu 19 • sími 565 3949

FERLIR
fróðleikur um fornminjar
www.ferlir.is

FH
Kaplakrika • www.fh.is

FJALLA KOFINN
Hallarmúla 2, Rvk. • www.fjallakofinn.is

FJÖRUKRÁIN
Víkingastræti 1-3 • www.fjorukrain.is

FRAMSÓKNARFLOKKURINN
www.xbhafnarfjordur.blogspot.is/

FURA MÁLMENDURVINNSLA
Hringhellu 3 • www.fura.is

FJARÐAR fréttir
óska þér og þínum gleðilegra jóla!

# Hvaða bók á ég að lesa um jólin?

## Þrettán bækur sem starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar hefur valið og tónlist með!

*Ah, jól! Tími knúsilegheita og yndis heima undir teppi með endalaust magn af makkíntossi, smákökum og, auðvitað, bókum. Jólabókaflóðið í ár er ekki aðeins titlaþungt, heldur einnig eldglóandi í sumum tilfellum, og létt og yndislegt í öðrum.*

*Að beiðni Fjarðarfrétta leggur Bókasafn Hafnarfjarðar til lista af lesefni yfir jólin, gömlu og nýju efni í bland fyrir þá sem óttast að fá enga harða pakka, og tónlist með. Bókasafnið er opið með eðlilegum hætti á Þorláksmessu þar sem hægt er að fá allar þessar bækur. Tónlistina færðu líka á bókasafninu. Meira að segja er hægt að fá lánaða plötuspilara fyrir þá sem vilja vinyl um jólin!*

### FYRIR ÖLL JÓLABÖRNIN




**Jólin okkar** e. Brian Pilkington, sem myndskreytir ljóð Jóhannesar út Kötlum.

*Tónlist með:* Ómar Ragnarsson - Hljómplatan Gáttaþefur á jólaskemmtun með börnunum.

*Ljóð Jóhannesar úr Kötlum um Jólaköttinn og sveinana þrettán eru flestum landsmönnum kunn, og hér í þessari yndislega fallegu bók, myndskreytir Brian Pilkington ljóðin á nýstárlegan og hlýlegan máta til yndisauka bæði barna og fullorðinna - en Brian er nú þegar landsþekktur fyrir myndir sínar af íslenskum tröllum og vættum.*

Hvar? Barnadeild, 394.2 B BRIAN PIL J

**Jólaævintýri** e. Charles Dickens.




*Tónlist með:* J.S. Bach - Jólaóratórían á geisladiski.

